

5. fundur Verkefnisstjórn Rammaáætlunar, 6. áfanga

Staður: Akurey, Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, Borgartún 26, 105 Reykjavík

Tími: 31. október 2025 kl.10:00-12:00

Mætt: Vstj: Svanfríður Jónasdóttir (SJ), Pétur Marteinn Urbancic Tómasson (PMUT), Kjartan Ólafsson (KÓ) (á Microsoft Teams), Ása L. Aradóttir (ÁLA) (á Microsoft Teams), Guðrún A. Sævarsdóttir (GAS) (á Microsoft Teams), Jón Björn Hákonarson (JBH) (á Microsoft Teams)

URN: Ása Guðmundsdóttir (ÁG)

Gestir: Sigríður Svana Helgadóttir (á Microsoft Teams) (SSH) (URN)

Dagskrá:

1. Staðfesting fundargerðar 4. fundar
2. Erindi til verkefnisstjórnar um endurskoðun flokkunar Hagavatnsvirkjunar í Bláskógabyggð
3. Heimasíða rammaáætlunar, hvað á að vera á heimasíðu og hvað á Teams
4. Vatnshlot. Pétur Marteinn fer yfir löggjöf og mögulegar breytingar
5. Sigríður Svana Helgadóttir, yfirlögfræðingur umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis fer yfir afturköllun friðlýsinga og bregst við álitaeftum og spurningum.
6. Dagskrá fyrir nóvember og desember.
7. Önnur mál

Fundarfrásögn

Fundur settur kl. 10. 06

1. Fundargerð 4 staðfest af verkefnisstjórn
2. SJ leggur til að vísa endurskoðun flokkunar Hagavatnsvirkjunar í Bláskógabyggð til faghópa þegar þeir verða skipaðir. Umræða.
3. Rætt er um vefsíðuna ramma.is. Lagt er til að færa 5. áfanga yfir á hluta vefsins sem fjallar um fyrri áfanga, undir sögu rammaáætlunar. Þá fylgir umræða um hvað ætti að vera á vefnum. Innihald mun að mestu haldast óbreytt eins og er. Þó mun ÁG gera nauðsynlegar breytingar á vefsíðu.
Rætt er einnig um hvort varamenn eigi að hafa aðgang að Teams svæði verkefnisstjórnar. Í fyrri áföngum hafa varamenn ekki haft aðgang að Teams nema í þeim tilvikum sem þeir hafa tekið við af fulltrúum verkefnisstjórnar. Ákveðið að halda þessu óbreytt.
4. PMUT sýnir glærur sem fjalla um vatnshlot. Þá fylgir umræða um Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Spurt er hvernig ætti að fjalla um vatnshlot þegar er verið að meta virkjunarkosti. SJ fer í málið og mun senda tölvupóst á Umhverfis- og orkustofnun.
5. Sigríður Svana mætir 11:02. SJ og SSH ræddu saman um afturköllun friðlýsinga vegna dóms Hæstaréttar sem átti sér stað 27. mars 2024. Lagt er til að faghópar og vstj flokki þessi svæði aftur og að afmörkun verndarsvæða þurfi að fylgja með. Þá eru öll gögn til staðar og ætti að vera hægt að komast að niðurstöðu fljótlega.

SJ spyr SSH um lagaumgjörð hvað varðar beiðnir um endurmat á virkjunarkostum sem hafa borist frá almenningi og félagasamtökum. Þá spyr hópurinn hvort að sé hægt að túlka löggjöf þannig að vstj. sé ekki heimilt að verða að óskum um endurmat undir ákveðnum kringumstæðum. Því er svarað að UOS geti aðstoðað í ferlinu að meta nýjar upplýsingar en að endanleg ákvörðun liggur hjá vstj. Aðilar mega senda beiðnir um endurmat á UOS sem áframsendir á verkefnisstjórn en einnig má senda beint á vstj. Alþingi hefur samþykkt að Hvalá færi í nýtingarflokk, en þó hefur verið beðið um endurmat. Forsendur þurfa þó að vera til staðar til þess að vstj. fari í endurmat og þá er átt við nýjar upplýsingar um virkjunarkost eða virkjunarsvæði.

6. Það verður ekki fundur 14. nóvember. Næsti fundur er 28. nóv og eftir það verður síðasti fundur ársins 12. des.
7. Önnur mál: SJ var á Samstöðinni til að kynna rammaáætlun á mánudaginn 27. okt.

Fundi slitið 11:30